

GISTIHÚSIÐ *Keldunes*



Í Keldunesi er gistaðstaða í sex tveggja manna herbergjum með handlaug í gistihúsinu. Auk þess eru tvö smáhýsi sem eru búin helstu þægindum og sér snyrtingum með sturtum.

Í gistihúsinu er góð setustofa sem má einnig nota sem veislusal, eldunaraðstaða, þvottahús, baðaðstaða og heitur pottur. A stórum svölum er grillaðstaða og gott útsýni yfir Skjálftavatn, þar sem er fjölskrúðugt fuglalíf. Ef óskað er býðst gestum veitingaþjónusta. Einnig tekur matselja að sér að útbúa skrínukost fyrir göngufólk, veiðimenn og aðra gesti. Veiðimenn Litlár eru hvergi betur staðsettir en í Keldunesi við bakka Litlár.

Stutt er í margar náttúruperlur eins og Ásbyrgi, Dettifoss, Litlá, Jökulsárgljúfur, Hólmatungur, Rauðhóla og Vesturdal.



Gestgjafar eru Bára Siguróladóttir og Sturla Sigtryggsson

Keldunes II • 671 • Kópasker • Sími: 465-2275 / 847-1593 • keldunes@isl.is